

Fræðsla og kynning á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA)

Fyrirlesarar


Fyrirlesarar koma frá NPA miðstöðinni sem er samvinnufélag fatlaðs fólks um sjálfstætt líf og notendastýrða persónulega aðstoð og Menntavísindasviði Háskóla Íslands.




Aldís Sigurðardóttir er móðir Ragnars Emils sem er fimm ára leikskólastrákur með hreyfihömlun og langvarandi taugahrönnunarsjúkdóm. Hún hefur barist af miklum krafti ásamt eiginmanni sínum fyrir að hafa NPA allan sólarhringinn svo Ragnar geti alist upp í eigin fjölskyldu, lifað sjálfstæðu

lífi og búið við mannréttindi rétt eins og systkini hans tvö. Fékk Ragnar samþykktan NPA samning í maí 2012 eftir fjöggra ára baráttu. Aldís hefur verið í stjórn NPA miðstöðvarinnar frá stofnun hennar.

Embla Ágústsdóttir er nemi í félags- og kynjafræði við HÍ og stjórnarformaður NPA miðstöðvarinnar. Hún hefur komið að því að sinna jafningjaráðgjöf við annað fatlað fólk sem sækist eftir NPA ásamt því að hafa tvisvar leitt sjálfstyrkingarnámskeið fyrir fatlaðar unglingsstúlkur. Embla hefur síðustu ár unnið að því að fá NPA samning til þess að geta lifað sínu lífi eins og aðrar ungar konur í Íslensku samfélagi en hefur eingöngu fengið samþykkt hluta af þeirri aðstoð se hún þarf.





Freyja Haraldsdóttir hefur lokið námi í þroskaþjálfrafræði við HÍ og stundar nú framhaldsnám í hagnýtri jafnréttisfræði við sama skóla. Hún er framkvæmdastýra NPA miðstöðvarinnar en sat áður í stjórn sem varaformaður. Hún hefur ferðast mikið erlendis til að kynna sér baráttustarf fatlaðs fólks, þá einkum á sviði hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf og NPA. Freyja hefur verið með persónulega aðstoð að hluta til frá árinu 2007 og fékk loks samþykka sólarhringsaðstoð árið 2011, þá eftir sjö ára baráttu.



Gísli Björnsson er í diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun við HÍ og starfar sem organisti í Laugarneskirkju. Hann er varaformaður stjórnar NPA miðstöðvarinnar ásamt því að starfa sem sendiherra Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Gísli hefur verið með persónulega aðstoð að hluta í tvö ár en heyrir enn baráttu fyrir NPA samningi sem uppfyllir þá þörf fyrir aðstoð sem hann hefur, svo hann geti búið í eigin íbúð, stundað nám og vinnu og lifað sínu sjálfstæða lífi.

Vilborg Jóhannsdóttir er lektor í þroskaþjálfrafræðum við Menntavísindasvið HÍ. Hún vinnur nú doktorsrannsókn um innleiðingu hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf og notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar og skoðar áhrif þess á hlutverk fagfólks í þjónustukerfinu. Vilborg hefur í fræðastörfum sínum unnið náið með fötluðu baráttufólki á Íslandi sem og á erlendum vettvangi og kynnt sér þróun samvinnufélaga fatlaðs fólks, einkum á Norðurlöndum.

